

Nd.

32. Frumvarp til laga

[31. mál]

um, að 17. júní skuli vera þjóðhátíðardagur og 1. maí almennur frídagur.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga, og 1. maí er almennur frídagur.

2. gr.

Atvinnurekandi skal greiða full daglaun fyrir 17. júní eða 1. maí þeim launþegum, sem starfað hafa hjá honum síðustu 30 dagana á undan þeim þessara tveggja daga, sem um er að ræða.

Launþegar, sem af óhjákvæmilegum ástæðum verða að vinna nefnda daga, skulu fá greitt, auk venjulegra daglauna, sem svarar helgidagakaupi hlutaðeigandi atvinnugreinar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um ákvæði greinar þessarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp, sem var í meginatriðum samhljóða þessu, var flutt á haustþinginu 1946 af fyrri flutningsmanni frumvarpsins. Dagaði frumvarpið þá uppi. Síðan hefur það gerzt, að frændþjóð vor, Norðmenn, hefur (á árinu 1947) samþykkt lög, sem gera þjóðhátíðardag þeirra, 17. maí, og baráttudag verkalýðsins, 1. maí, að hátíðisdögum og skylda atvinnurekendur til að greiða starfsfólki sínu kaup fyrir þessa daga eftir ákveðnum reglum, sem lögin og reglugerð ákveða. Frumvarp þetta er mjög svipað þessum lögum Norðmanna, þótt í nokkru sé það frábrugðið, svo sem aðrar aðstæður gefa tilefni til.

Til frekari rökstuðnings fyrir frumvarpinu skal á það bent:

1. að 17. júní hefur um langt skeið verið einn af hátíðisdögum þjóðarinnar, sem við stofnun lýðveldisins 1944 fékk stórum aukið gildi, og er því sjálfsagt og í alla staði eðlilegt, að dagurinn verði lögfestur sem þjóðhátíðardagur Íslendinga;
2. að um langan tíma hefur það verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar að gera 1. maí að almennum frídegi, og hefur verkalýðsfélögum um land allt tekizt að fá daginn viðurkenndan sem slíkan í samningum við atvinnurekendur. En takmarkið hefur verið að fá daginn lögleiddan sem almennan frídag.